


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líf- og Umhverfisvísindadeild

Breytingar á stærð smájökla á Íslandi og kortlagning þeirra



Snævarr Guðmundsson

3. árs nemi í Land- og jarðfræði

Leiðbeinandi: Dr Helgi Björnsson,

Jöklafræðingur

Reykjavík

23. september 2009

Titill: Breytingar á stærð smájökla á Íslandi og kortlagning þeirra

Skýrsluhöfundur: Snævarr Guðmundsson,
nemi í Land- og jarðfræði við Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Dr Helgi Björnsson, jöklafræðingur
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands

Ljósmyndir: Snævarr Guðmundson

Loftmyndir: Loftmyndir ehf.
Gervihnattamyndir frá SPOT -5 gervitunglinu

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands (is50v)

Kortagerð: Snævarr Guðmundsson

Útgáfudagur skýrslu: 23. september 2009

31 blaðsíða

Fjármögnun: Nýsköpunarsjóður stúdenta
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Myndaskrá	ii
Um verkefnið.....	1
1. Inngangur	2
2. Landfræðileg lega jöklanna	3
3. Flokkun jökla	4
4. Dreifing smájökla	5
5. Aðferðir	6
6. Gögn.....	8
7. Staðfræðileg samantekt.....	8
7.1 Snæfellsjökull, Snæfellsnes.....	8
7.2 Vestfjarðajöklar	8
7.3 Langjökull.....	9
7.4 Hofsjökull	12
7.5 Norðurlandsjöklar	12
7.6 Mýrdalsjökull	12
7.7 Vatnajökull.....	13
7.8 Austfjarðajöklar	16
8. Niðurstöður.....	23
9. Heimildir.....	25

Myndaskrá

Mynd 1. Jökulgilstindar í Lóni. Dæmigerður smájökull í fjallshlíðum.	2
Mynd 2. Jöklar á Íslandi skipast á átta meginsvæði (sjá texta). Litlir jöklar sem voru kortlagðir eru merktir rauðu.	3
Mynd 3. Langjökull og smájöklar í grennd við hann. Rauðir flekkir neðst í ramma eru jökulskaflar.	9
Mynd 4. Þórisjökull. Flákar eru hnitaðir eftir loftmyndum frá 2008. Skýringar á lituðum flákum eru t. v. á mynd.	10
Mynd 5. Mýrdalsjökull og hnitaðir jöklar (rauðir) norðan við hann.	12
Mynd 6. Vatnajökull og hnitaðir jöklar í jaðri hans.	13
Mynd 7. Þverártindsegg og Veðurárdalsfjöll.	15
Mynd 8. . Vatnajökull og hnitaðir jöklar í jaðri hans.	17
Mynd 9. Þrándarjökull, 17. ágúst 2007.	22
Mynd 10. Jökulgilstindar og Flugustaðatindar í Lóni.	23

Töfluskrá

Tafla 1.	9
Tafla 2.	12
Tafla 3.	14
Tafla 4.	16

Um verkefnið

Meðfylgjandi skýrsla er samantekt um verkefnið *Breytingar á stærð smájökla á Íslandi* og þá vinnu sem fór í það sumarið 2009. Um er að ræða umfangsmikið rannsóknarverkefni sem ekki varð lokið í sumar. Hér er því aðeins gerð grein fyrir markmiði verkefnisins og framvindu þess þá þrjá mánuði sem sjóðurinn styrkti og þeirri stöðu sem það er í við verklök í ágúst 2009. Vonast er til að halda megi verkinu áfram næsta sumar. Um er að ræða gagnasöfnun yfir minnstu jökla landsins sem er mikilvægur þáttur í rannsóknum á viðbrögðum jökla við hlýnandi loftslagi. Ekki hefur gefist tími til þess að sinna þeim grunnrannsóknum að ráði fyrr en nú. Á liðnum áratugum hafa jarðvísindamenn aðeins komist yfir að kanna stærstu jökla landsins en brýnt ætti að þykja að hefja könnun því að margir smájöklar munu hverfa á næstu áratugum, ef fram heldur sem horfir með loftslagshlýnun. Má vænta þess að það hafi umtalsverð áhrif á stöðugleika jarðmyndana í fjalllendi (skriður) og afrennsli leysingarvatns; ennfremur gróðurframvindu til fjalla.

Verkefnið er unnið að tilstuðlan Helga Björnssonar jöklafræðings og var hann leiðbeinandi verksins. Skýrsluhöfundur sá um gagnasöfnun og skráningu, og tölfræðilega úrvinnslu. Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóði íslenskra stúdenta. Er sjóðnum hér með þakkaður stuðningurinn.

Snævarr Guðmundsson, 23. september 2009




Mynd 1. Jökulgilstindar í Lóni. Dæmigerður smájökull í fjallshlíðum.

1. Inngangur

Markmið verkefnisins *Breytingar á stærð smájökla á Íslandi* er að rannsaka framvindu lítilla jökla við loftslagsbreytingar sem nú verða hér á landi. Fyrsti áfangi verksins er tvíþættur: a) safna saman gögnum um stærð og legu minnstu jökla á Íslandi og búa þau gögn til frekari tölfraðilegrar úrvinnslu og túlkunar. b) Að nota gögnin til samanburðar við eldri gögn, einkum frá loftmyndum, til þess að varpa ljósi á hve hratt smájöklar hafa breyst á undanförunum árum.

Smájökla teljum við hér minni en 35 km² að flatarmáli. Á síðustu áratugum hafa rannsóknir íslenskra jöklafræðinga að mestu beinst að stóru jöklunum. Því er þekkingu verulega ábótavant um framvindu smæstu jökla landsins við hlýnun loftslags, þótt ljóst sé að þeir rýrna hlutfallslega hraðar en hinir sem stærri eru. Þá er talið að smájöklar muni hverfa fyrstir jökla við áframhaldandi loftslagshlýnun, jafnvel margir hverjir á næstu áratugum.



Mynd 2. Jöklar á Íslandi skipast á átta meginsvæði (sjá texta). Litlir jöklar sem voru kortlagðir eru merktir rauðu (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

Unnið var að gagnaöflun um fjölmarga smájökla nú í sumar (2009). Jöklarnir eru ýmist jökulskindir á stöpum (t.d. Eiríksjökull) eða eldkeilum (t.d. Snæfellsjökull), jöklar í fjalllendi í jaðri stærri jökla (t.d. í Heinabergsfjöllum) eða jöklar og jökulskaflar sem þrauka í skálum og hvíltum skuggsælla fjallshlíða eða í hæstu fjöllum, einkum á Norðurlandi og Austfjörðum. Á nokkrum stöðum er um að ræða leifar sem sitja fast við stóru jöklana. Þær hafa slitnað frá meginjöklum við hop.

Ákveðið var í fyrstu að leggja áherslu á könnun Austfirðajökla, en einnig var litið á jökla í fjalllendi sunnan og austan Vatnajökuls og umhverfis Langjökul. Í þessum fyrsta áfanga verkefnisins voru hnitaðir 829 jökulflákar auk fjölda urðarbingja og jökla þakta setkápu af loftmyndum. Í síðari áföngum verða jöklarnir bornir saman við gögn frá eldri loftmyndum. Notaðar voru loftmyndir úr grunni Loftmynda ehf og í nokkrum tilfellum SPOT-5 gervihnattamyndir. Farnir voru leiðangrar á landi að tveimur jöklum til þess að sannreyna notagildi loftmynda. Þessar upplýsingar voru síðan skráðar í landfræðilegan gagnagrunn fyrir áframhaldandi úrvinnslu.

Landfræðileg lega jöklanna

Jöklar þekja um 11000 km² eða 11 % landsins. Í stórum dráttum hvíla þeir á átta meginfjallasvæðum á landinu (sjá mynd 2) og eru hinir stærstu á því sunnanverðu og

miðju hálendinu. Þessi jöklasvæði eru Vatnajökull, Mýrdalsjökull, Hofsjökull, Langjökull, Snæfellsjökull, Vestfjarðajöklar, Norðurlandsjöklar og Austfjarðajöklar (Oddur Sigurðsson og Williams, 2008).

Vatnajökull og Mýrdalsjökull hvíla á sunnanverðu landinu, þar sem úrkoma er mest. Úrkoma á sunnanverðum Vatnajökli og Mýrdalsjökli er um 4000 til 7000 mm á ári. Á miðhálendinu, þar sem er kaldara og þurrara, á Langjökli og Hofsjökli fer hún um 3500 mm. Á Vestfjörðum er ársúrkoma að meðaltali 3000 mm. Núverandi rúmmál Vatnajökuls, Langjökuls, Hofsjökuls, Drangjökuls og Snæfellsjökuls er um 3600 km³ í vatnsgildi (Helgi Börnsson og Finnur Pálsson, 2008). Flatarmál og rúmmál margra smæstu jöklanna er hins vegar ekki þekkt.

Íslensku jöklarnir eru ekki leifar jökulhvelsins sem haldi Ísland fyrir meira en tíu þúsund árum heldur er talið að þeir hafi tekið að myndast á kuldaskiði fyrir um 2500 árum síðan. Rannsóknir hafa varpað ljósi á þróun þeirra frá lokum síðasta jökulskeiðs. Þær sýna að jöklarnir hafa ýmist verið í framrás eða hopað. Sveiflur taka mislangan tíma en gefa til kynna að jöklar eru ekki í jafnvægi til lengri tíma lítið heldur fylgja loftslagsbreytingum og bera þeim þar af leiðandi vitni. Á söguöld var fremur hlýtt á landinu og jöklar því litlir. Upp úr 1400 fór að kólna og þá hljóp vöxtur í jökla. Kuldaskiðinu lauk ekki fyrr en um aldamót 1900 en síðan hefur heldur dregið úr stærð þeirra (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008).

Flokkun jökla

Jöklar eru ýmist *þíðjöklar* eða *gaddjöklar*. Á heimskautasvæðum eru flestir jöklar gaddjöklar og er hitastig þeirra undir frostmarki. Þeir eru freðnir í gegn og víða frosnir við botn. Íslenskir jöklar eru svo til eingöngu þíðjöklar. Hitastig íssins er við frostmark alla leið í gegnum jökulinn. Þó er talið að afmarkaðir hlutar lítilla skálarjökla sem sitja í skuggsælum fjallshlíðum á Tröllaskaga sýni einkenni gaddjökla (Helgi Björnsson, munnleg frásögn, ágúst 2009). Ekki er frekar fjallað um slíka jökla hér. Helgi Björnsson jöklafræðingur (2009) flokkar jökla í þrjá megingerðir eftir lögun:

1. *Ísbreiða* eða *jökulbreiða*. Þær hníga til allra átta út frá miðju og þekja gjarnan mikil landflæmi. Jökulbreiður geta verið afar þykkar og kaffært fjöll og fjallgarða svo lítið mótar fyrir þeim fyrr en dregur nær jöðrum. Undirflokkar: a) megin[lands]jöklar t.d. Suðurskautsjökull eða Grænlandsjökull. b) *hveljökull*, *jökulskjöldur* eða *jökulhetta*. Íslenskir jöklar og jöklar í Alaska og við Norðuríshafið eru dæmi um slíka jökla.

2. *Jökultungur*. Þessir jöklar hreyfast í eina stefnu eftir því hvernig landslag liggur. Flokkast m.a. af fjölbreytilegu landslaginu. Undirflokkar: a) *daljökull*, b) *botnjökull*, c) *hvilftarjökull* eða *skálarjökull*, d) *jökulsskel*, e) *hengijökull*, f) *fjallsrótar/rótarjökull*, g) *strandjökull* og h) *blandaður jökull*.

3. *Íshella*, *íspilja* eða *íspekja*. Þessar gerðir eiga við hluta jökuls sem nær að fljóta á sjó eða stöðuvatni og kelfir. Því er jaðar þeirra þverhniptur. Hér á landi er Grímsvötn

dæmi um íshellu. Fremsti sporður Breiðamerkurjökuls kelfir í Jökulsárlón (Helgi Björnsson, 2009).

Smæstu jöklar landsins falla í undirflokka af fyrstu og annarri gerð, þ.e eru jökulskildir eða hettur (undirflokkur 1.b) eða eru jökultungur af ýmsum gerðum (sbr. undirflokka 2.a - h). Í mörgum tilfellum voru jökulskaflar kortlagðir en þeir teljast minnstu einingar jökla. Horft var til allra slíkra sem finna mátti á loftmyndum. Eru hér í skýrslunni birtar flatarmálstölur fjölmargra jökulskafla auk hinna smæstu jökla.

Dreifing smájökla

Sigurjón Rist (1985) skilgreindi jökla eftir landfræðilegri legu, loftslagi og aðgengi til rannsókna og staðsetti á átta meginsvæði, ýmist sem strand- og innlandsjökla (sjá 1. mynd). Þær eru endurskilgreindar í eftirfarandi svæði (Oddur Sigurðsson og Williams, 2008; Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008):

Vatnajökull: Hveljökull, samfastur honum er jökulhetta *Öræfajökuls*. Frá þeim falla minnst 42 skriðjöklar. Margir stærstu skriðjöklarnir eru framhlaupsjöklar. Virkar eldstöðvar eru undir jöklinum og tengjast megineldstöðum í Öræfajökli, Bárðarbungu, Kverkfjöllum og Grímsvötnum. Heildarflatarmál er um 8100 km². Mesta þykkt Vatnajökuls er 950 m en meðalþykkt 380 m (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008). Við Vatnajökul sitja nokkrir smærri jökla. Stærstir eru *Tungnafellsjökull* og *Snæfell*. Snæfell er kulnuð eldkeila og Tungnafellsjökull er einnig eldstöð. Við sunnan og suðaustanverðan jökulinn voru kortlagðir níu smájökla.

Mýrdalsjökull: Hveljökull. Katla er meðal stærstu megineldstöðva á landinu og í henni miðri er Kötluaskjan (Magnús T. Guðmundsson og fl, 2005). Mýrdalsjökull er 750 m þar sem hann er þykkastur en meðalþykkt er 240 m. Heildarflatarmál rúmir 700 km² (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008; Helgi Björnsson og fl. 2000). Smærri jökla *Eyjafjallajökull*, *Tindfjallajökull*, *Torfajökull* og *Kaldaklofsfjöll* tilheyra svæðinu. Allir ofangreindra jökla eru virkar eldstöðvar. Þykkt þessara jökla er lítt þekkt. Hafin var skráning á tveim fjöllum innan svæðisins, Heklu og Tindfjallajökli.

Hofsjökull: Hveljökull. Heildarflatarmál um 900 km². Frá honum falla minnst 19 skriðjöklar og eru nokkrir af þeim framhlaupsjöklar (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008). *Kerlingarfjöll* tilheyra svæðinu. Þar eru minnst sjö smájökla, nefndir Kerlingarfjallajökla. Undir Hofsjökli er mikil askja en gossagan er illa þekkt. Kerlingarfjöll eru sömuleiðis megineldstöð. Mesta þykkt Hofsjökuls er 760 m en meðalþykkt 225 m. Þykkt smærri jökla er ekki þekkt.

Langjökull: Hveljökull. *Geitlandsjökull* er samfastur honum. Mesta þykkt Langjökuls er 650 m en meðalþykkt 210 m. Heildarflatarmál um 955 km². Smærri jökla innan svæðis eru *Þórisjökull*, *Ok*, *Eiríksjökull* og *Hrútfell*. Undir þessum jöklum eru fornar eldstöðvar og auk þess eru fjölmargar eldstöðvar í grennd við Langjökul. Talið er að undir Langjökli sé að finna tvær öskjur (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2008). Mesta þykkt Eiríksjökuls

er áætluð um 220 m (Hjalti J. Guðmundsson, 1998). Jökulfönn er í norðanverðri Skarðsheiði (Hornsárdalsjökull) sem er einnig hengd í þetta svæði. Skráðar voru níu jöklar umhverfis Langjökul.

Snæfellsjökull: Jökulhetta. Frá honum skriða fimm jöklar. Innan svæðisins má einnig telja fram fannir í Helgrindum og Ljósufjöllum. Snæfellsjökull er eldkeila og talin enn virk. Snæfellsjökull hefur mesta þykkt um 110 m en meðalþykkt 30 m. Flatarmál um 16 km².

Vestfjarðajöklar: Drangajökull er jökulskjöldur. Langlífar fannir eru á Vestfjörðum, *Gláma* og *Lambadalsskarðs-fönn* er þar helst að telja. Mesta þykkt Drangajökuls er 260 m en meðalþykkt 150 m. Heildarflatarmál um 160 km².

Norðurlandsjöklar: Jökultungur; botn-jöklar, skálajöklar, hengijöklar, jökulskeljar og fannir eru fjölmargar á *Tröllaskaga*. Einnig eru fannir í *Kinna fjöllum* austan Eyjafjarðar. Minnst 110 jöklar hafa sérheiti (Oddur Sigurðsson og Williams, 2008). Heildarflatarmál um 190 km². Gljúfurárjökull á Tröllaskaga er 3 km² og mesta þykkt 250 m.

Austfjarðajöklar: Jökulskildir og -tungur. Stærstir eru *Prándarjökull* og *Hofsjökull*. Níu aðrar fannir hafa sérheiti. Smáir jöklar eru undir *Dyrfjöllum* og víða í Austfjarðafjöllum finnast svonefndir eilífðarskaflar. Voru 33 jökulsvæði hnitúð og alls 511 flákar. Flatarmál þeirra mældist 49,7 km².

2. Aðferðir og gögn

Við kortlagningu smájökla var tekið mið af aðferðum Østrem, Dale og Tandberg (1988) í skráningu jökla í Noregi. Skilgreiningar voru hafðar örlítið víðari vegna fjölbreytileika jökla hérlandis. Sem dæmi sitja jöklar hér ofan á stórum stapafjöllum og eldkeilum en slíku er ekki fyrir að fara í Noregi. Í öllum tilfellum voru flákar hnitaðir eftir loftmyndum og skráðar upplýsingar til frekari greiningar. Metið var af loftmyndunum hvers eðlis flákar voru og þeir skilgreindir sem eftirfarandi:

Jökulsskjöldur/-hettur: Dæmigerðir jökulskildir eru Eiríksjökull og Þórisjökull sem sitja á stapafjöllum. Frá sumum þeirra falla mismargir skriðjöklar en þó er það ekki í öllum tilfellum. Prándarjökull og Hofsjökull Eystri eru ekki með neinar áberandi skriðjökulstungur.

Jökultunga: Dæmigerð tunga er með ákomusvæði og skriðjökulstungu og sýnir glögg merki um hreyfingu. Jökultungur sem voru skráðar eru frá jaðarfjöllum í suður- og suðausturbrúnum Vatnajökuls. Flestar skriða í og sameinast Vatnjökli. Í slíkum tilfellum var horft til þess að hnitaðar jökultungur ættu sannanlega upptök í fjalllendi umhverfis Vatnajökul en ekki meginjöklinum sjálfum. Algengt er að skálar- eða hvíltarjökla séu jökultungur sbr skilgreiningu 2 bls 5.

Jökulskafli: Dæmigerður skafi hefur helstu einkenni jökuls eins og jökulsprungur (vísir á hreyfingu), leysingarvatn á yfirborði, set og lagskiptingu sem vísar til ára- eða áratuga langrar tilveru. Enginn skriðjökull kemur þó frá jökulskafli. Uppruni jökulskafla getur verið langvinn snjóöfnun í fjallshlíðar eða skálar eða leifar umfangsmeiri jöklunar, þ.e. slitið sig frá meginjökli.

Ísskafi: Hefur einkenni eins og setrákir, lagskiptingu sem gefur til kynna ára- eða áratuga langa tilvist. Hefur ekki sprungur né sýnir merki um hreyfingu; er gjarnan leifar stærri jökulskafla eða jökla. Uppruni er því af sama toga og jökulskafla.

Hjarnskafi: Hefur einkenni eins og sumarset og vitnar um lengri endingu en eitt sumar. Áferð hjarns á loftmyndum er önnur en dæmigerðra snjóskafla.

Snjóskafi: Vetrarfannir. Aðeins skráðar í örfáum tilfellum.

Grjótjökla, jökulrendur og jaðarurðir: Þessi fyrirbæri eru ýmist hluti jökla eða tengt þeim. Jökulís þakinn urð. Þau voru skráð sérstaklega og má því sækja upplýsingar um þau sérstaklega eða tengja heildarupplýsingum um jökulfláka.

Greinigæði loftmyndanna eru afar mikil og reyndist oftast mjög auðvelt að skilgreina fláka eftir þeim. Óvissa var í nokkrum tilfellum vegna yfirliggjandi vetrarfanna, þ.e. þegar loftmyndir voru teknar snemma sumars eða snjóskaflar voru yfirlýstir á loftmyndum og því ekki hægt að meta fláka með fullri vissu.

Skráðar voru helstu lengdir, breiddir og flatarmál og stefna flákanna, þ.e. til hvaða áttar þeim hallar. Horft var til heildar flákanna þegar lengd og breidd var fundin. Hver jökulfláki var hnitaður sem afmörkuð eining og skráð sérstaklega. Hvert safnsvæði var hnitað sérstaklega sem sérfláki ef skriðjökull átti fleiri en eitt safnsvæði. Því er mögulegt að bera saman fláka sérstaklega eða sem heild. Stuðst var við yfirborðsmörk eins og jökulrendur þegar jökultungur áttu upptök á fleiri en einu safnsvæði. Sömu aðferð var haldið við jaðarurðir, jökulrendur og grjótjökla. Í mörgum tilfellum voru stærðirnar bornar saman við eldri kort til þess að fá hugmynd um jöklabreytingar Hæstu og lægstu mörk fláka (yfir sjávarmáli) var einnig skráð og staðsetning, miðað við miðju þeirra.

Víðast hvar ber landslag í nágrenni jökla sterkan svip af því að hafa legið undir ís. Gjarnan eru þar jökulgarðar og öldur sem sýna tímabundna stöðu jökla. Af þeim má ráða hversu langt jökla náðu þegar þeir voru í hámarksstöðu. Í fjallshlíðum eru ummmerkin oft misskýr. Sorfnar og rákaðar klappir sjást glögglega en þar sem jökla hafa gengið fram af hlíðarbrúnum hverfa vegsummerki og því sjást ekki alltaf endimörk. Þessi ummerki eru ýmist auðséð (t.d. jökulgarðar) eða ógreininleg (gróðurleysi, land markað slípuðum klöppum). Jökulgarðar voru raktir á loftmyndum og hnitaðir hver fyrir sig. Ógreinileg ummerki, stundum með torséðum endimörkum voru hnituð sem flákar eða svæði.

Gögn

Notaður var myndagrunnur Loftmynda ehf, en Háskóli Íslands hefur nýlega samið um notkun hans. Loftmyndirnar voru teknar á árunum 1996-2007. Þessar loftmyndir eru flestar teknar úr miðflugshæð, um 3500 m hæð. Þær eru í allflestum tilfellum teknar í ágústmánuði hvert ár. Í nokkrum tilfellum var stuðst við gervihnattamyndir SPOT-5, vegna þess að myndsyrpur voru teknar á óheppilegum árstíma fyrir okkar not. Þær myndir eru með minni upplausn en myndir frá Loftmyndum ehf.

Gagna var einnig aflað með ferðum til tveggja jökla: Þórisjökul og Jökulgilstinda í Lóni. Þrjár ferðir voru farnar að Þórisjökli og ein á Jökulgilstinda. Ekki var fjármagn til að kanna fleiri staði að sinni.

Kortagrunnur Landmælinga Íslands, LMÍ (is50v) var notaður til að fá hæðarlínur, aðrar línur og fláka. Þar sem jökulflákar voru í gagnagrunni LMÍ voru niðurstöður flatarmáls bornar saman. Jökulflákar hafa hins vegar ekki verið auðkenndir í fjölda tilvika í kortagrunni LMÍ.

Keyptar voru eldri loftmyndir af Dyrfjöllum og Jökulgilstindum til samanburðar á svæðum og milli áraþila, gjarnan eins langra og mögulegt er. Því eru notaðar misgamlar loftmyndir frá LMÍ til samanburðar við nýlegar myndir frá Loftmyndum ehf.

3. Staðfræðileg samantekt

Neðangreint yfirlit er yfir smájökla og jökulskafla sem voru hnitaðir og skráðir sumarið 2009. Skráin er ófullgerð en sett hér til upplýsingar um stöðu verkefnisins. Ekki eru birtar upplýsingar um stefnu, lengdir, miðjun eða hæðarmörk fláka. Í fyrsta dálki er heiti fjalls eða fjalllendis. Fjöldi fláka tilgreinir, hve margir jökulflákar voru hnitaðir. Flatarmál svæðis er í þriðja dálki, þá kemur hæð fjalls og síðan af hvaða gerð flákar eru á viðkomandi svæðum. Að lokum er aldur loftmyndar skráður, þ.e. þegar myndsyrpur voru teknar.

Snæfellsjökull, Snæfellsnes


Dreifar jökulskafla í Helgrindum, Ljósufjöllum og Snjófjöllum auk Snæfellsjökuls. Ekki skráð 2009.

Vestfjarðajöklar

Drangajökull og jökulskaflar í Glámu, Lambadalsfjalli og Vatnahnúki. Ekki skráð 2009.

Langjökull

Í 1. töflu (sjá einnig 3. mynd) eru jöklar og fjöll í grennd við Langjökul. Skráning varð ekki fullgerð 2009 en gagnlegar upplýsingar fengust um flatarmál þeirra og ummerki jöklunar.




Mynd 3. Langjökull og smájöklar í grennd við hann. Rauðir flekkir neðst í ramma eru jökulskaflar. (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

Tafla 1.

Heiti	Fjöldi fláka	Fl.mál km ²	Hæð y. s.	m	Gerð jökulfláka	Ár
1 Botnsúlur	1	0,12	1095		Grjótjökull	1999
2 Skjaldbreið	1	0,05	1060		Jökulskafl	1999
3 Hlöðufell	14	0,12	1186		Jökulskaflar/ Fannir	2008
4 Þórisjökull	54	32,69	1329		Skjaldjökull/Jökulskaflar	2008
5 Ok	21	2,49	1170		Jökulskaflar/Hjarn/Urðarj.	2008
6 Hafrafell	7	0,62	1167		Jökulskafl/Hjarnskaflar/Urðarj	2000
7 Eiríksjökull	75	22,4	1675		Skjaldjökull/Jökulsk./Urðarj.	2003
8 Hrútfellsjökul	12	6,83	1396		Skjaldjökull	2004
9 Bláfell	4	0,39	1204		Jökulskafl	2004
Samtölur	189	65,78				

1. Einn grjótjökull sem kemur úr Syðstusúlu var hnitaður í Súlnadal.
2. Hnitaður var skafl í gígskál Skjaldbreiðar. Er þakin seti að hluta.
3. Hnitaðir voru 14 flákar á Hlöðufelli. Tveir þeirra eru úr ís en aðrir að mestu vetrarsnjór. Ekki er fláki á Hlöðufelli í gögnum LMÍ (is50v).



Mynd 4. Þórisjökull (sjá lið nr 4.). Flákar eru hnitaðir eftir loftmyndum frá 2008. Skýringar á lituðum flákum eru t. v. á mynd. (Grunnkort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

4. 54 flákar voru hnitaðir í Þórisjökli auk jökulgarða sem sýna fyrri stöðu hans. Stærsti flákin er sjálfur jökullinn ásamt jökultungum sem ná niður fyrir miðjar hlíðar. Auk þess er jökull í urðarröndum (dauðís) meðfram tungunum og jöklinum ofan á stapanum sem voru hnitaðir sérstaklega. Heildarflatarmál jökla (utan snjó- og jökulskafla) er 27 km². Fláki í grunni LMÍ (is50v) fellur yfir hnitaða fláka en nær ekki yfir dauðísinn nema að hluta. Hann er 30,54 km². Ekki er traust að bera saman flatarmál hér við flákann í is50v grunninum meðan upplýsingar vantar um mörkin. Heildarflatarmál er þá 27,23 km² Samkvæmt því hefur jökullinn rýrnað um 3,30 km² eða 10,81 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.

5. Hnitaðir voru 21 flákar í Oki. Jökulskafl er tæpur 1,5 km² að flatarmáli. Auk þess er jökull í gígnum og hvilftum norðan og norðvestan í Oköxl. Heildarflatarmál allra snjó- og jökulskafla er 2,49 km². Fláki í grunni LMÍ (is50v), sem falla yfir skráða fláka hér eru 7,27 km². Samkvæmt því hefur jökullinn rýrnað um 4,78 km² eða 65,7 % á tímabilinu á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ. Grjótjökklar eru í Oköxl undir sköflunum.
6. Hafrafell rís norðvestan við Langjökull. Þrjár eða fjórar hvilftir í efsta hluta fjallsins snúa til norðurs. Í þeim eru líklegir grjótjökklar. Misgengi eða sprunga, 5,15 km langt, liggur með stefnu SV-NA gegnum efsta hluta fjallsins. Í því eru fannir og jökulskafl, að líkindum leifar af Langjökli. Mögulega er misgengið enn lengra og má vera að það liggi inn undir Eiríksjökul, til norðausturs, og til suðvesturs í dyngjuhvírfil vestan við Langjökul (sjá kort). Ef svo er þá er misgengið/sprungan minnst 12,5 km langt. Í gögnum LÍ (is50v) eru hnitaðar fannir í vestustu hvilftinni og misgenginu. Flatarmál þeirra mælist 0,58 km². Sambærilegt svæði var hnitað og er 0,62 km². Skýringin á því að hér er aukning er að fleiri skaflar eru hnitaðir af loftmynd en eru í gögnum LMÍ.
7. Hnitaðir voru 75 flákar í Eiríksjökli. Mestur er Eiríksjökull ásamt jökultungunum Brókum, Klofajökli og Ögmundarjökli. Auk þess er jökull í urðarröndum meðfram tungunum og voru þeir hnitaðir sérstaklega og skráðir sem grjótjökklar (urðarjökklar). Heildarflatarmál jökuls (utan snjó- og hjarnskafla sem hafa verið aðskildir í skránni) er 22,44 km². Fláki í grunni LMÍ (is50v), sem falla yfir flesta skráða fláka hér er 23,91 km². Samkvæmt því hefur jökullinn rýrnað um 1,46 km² eða 6,13 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ. Þar er hins vegar að líkindum aðeins hnitaðir jökull sem er hreinn en ekki grjótjökklar. Á Eiríksjökli eru 11,68 km² jökuls að auki þaktir auri eða eru grjótjökklar. Sé tekið tillit til alls þess íss er heildarflatarmál jökulskjaldarins, ásamt skriðjöklum, urðarröndum og grjótjöklum 34,13 km².
8. 5 flákar voru hnitaðir í Hrútfelli á Kili. Mestur er Hrútfellsjökull ásamt jökultungum sem ná niður fyrir miðjar hlíðar. Auk þess er jökull í urðarröndum meðfram tungunum og voru þeir hnitaðir sérstaklega. Heildarflatarmál jökla (utan snjó- og jökulskafla) er 6,83 km². Fláki í grunni LMÍ (is50v), sem falla yfir skráða fláka hér eru 7,91 km². Samkvæmt því hefur jökullinn rýrnað um 1,08 km² eða 13,6 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ. Heildarflatarmál jökulskjaldarins ásamt skriðjöklum og urðarröndum er feitletrað í efstu línu og er ekki samtala af allri heildinni ásamt sköflum.
9. Jökulskafl og minni hjarnfannir. Í gögnum LMÍ (is50v) er ekki fláki yfir skaflinn. Áberandi, margskiptur jökulgarður er framan við jökulskaflinn. Samsettur úr minnst fjórum minni gördum. Lítið lón (tjörn) fyrir innan. Garðurinn hlýtur að marka stöðu jökulsins í lok litlu ísaldar. Lausleg athugun leiðir í ljós að flatarmál svæðisins innan garðsins, ásamt jökulskaflinum, er 0,819 km². Núverandi skafl er 0,32 km². Munurinn er 0,49 km² eða 60 %. Líklega er þetta vantalið og jökull í Bláfelli hafi verið mun umfangsmeiri enda er ekki gert ráð fyrir meiri fleti en sem nemur garðinum í þessum útreikningum.

Hofsjökull


Kerlingarfjöll eru suðvestan við Hofsjökul. Flákar hnitaðir en skráningu ekki lokið 2009.

Norðurlandsjöklar

Smájöklar dreifast m.a. yfir Tröllaskaga (milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar) og Köldukinnarfjöll. Ekki skráð 2009.

Mýrdalsjökull

Á mynd 5 (sjá einnig töflu 2) eru fjöll sem tilheyra Mýrdalsjökulssvæðinu. Skráning var ekki fullgerð sumarið 2009 og einungis lokið við Heklu og Tindfjallajökul að hluta.



Mynd 5. Mýrdalsjökull og hnitaðir jöklar (rauðir) norðan við hann. (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).


Tafla 2.

Heiti	Fjöldi fláka	Fl.mál km ²	Hæð y. s. m	Gerð jökulfláka	Ár
1 Hekla	2	1,48	1492	Jökulskafar	2000
2 Tindfjallajökull	34	15,69	1468	Jökultunga/hjarnskafar/fannir	2004
Samtölur	36	17,17			

1. Af loftmynd sjást tveir jökulskaflar í Heklu. Sprungur eru í annars svörtum sköflunum. Heildarflatarmál þeirra er 1,48 km². Aska þekur um 1,06 km² af þeim. Fláki í grunni LÍ (is50v), fellur ekki yfir skráða fláka hér, hann er 1,39 km². Undir sköflunum eru ummerki sem e. t. v. má rekja til áhrifa vatnshlaupa í kjölfar gosa.
2. 34 flákar hnitaðir í Tindfjallajökli. Heildarflatarmál jökla er 15,69 km². Flákar í grunni LÍ (is50v) falla yfir þá og eru 20,54 km². Samkvæmt því er rýrnun 4,84 km² eða 23,5 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ. Áberandi öskulag/lög eru í yfirborði Tindfjallajökuls. Þekur öskulagið allt að 4,3 km² jökulsins. Að auki eru fjöldi fanna utan við núverandi jökulmörk þaktar sandi. Sjást sem dökkir flákar. Grjótjökull er í SV hlið Tindfjalla, ofan við Klofninga. Austan við Ásgrindarjökul eru tvö skriðuhlaup undir hvíltum. Talsverð ummerki um jökla eru sýnileg.

Vatnajökull

Smájöklar hnitaðir austan og sunnan Vatnajökuls. Verki ekki lokið en stærstu flákar að frátöldum Tungnafellsjökli, voru hnitaðir.



Mynd 6. Vatnajökull og hnitaðir jöklar í jaðri hans (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

Tafla 3.

Heiti	Fjöldi fláka	Fl.mál km ²	Hæð m y. s.	Gerð jökulfláka	Ár
1 Snæfell	7	5,79	1835	Jökulskaflar	1999
2 Graskiljatinur	1	0,73	1275	Jökulskafl	2002
3 Gæsaheiði	2	0,18	-	Jökulskafl/hjarnskafl	2002
4 Breiðasker	13	6,19	-	Jökultungur/-skaflar/hjarn	2005
5 Heinabergsfjöll	17	9,23	1266	Jökultunga/jökulskafl/hjarn	2005
6 Birnadalst.egg	8	1,81	1326	Jökulskaflar	2005
7 Þverártindsegg	25	36,71	1544	Jökultunga/jökulskafl/hjarn	2003
8 Hrótsfjallstindar	8	9,12	1875	Jökultunga/jökulskaflar	2003
9 Skaftafellsfjöll	12	19,87		Jökultungur/-skaflar/hjarn	2003
Samtölur	93	89,66			

1. Skráðir voru 7 flákar eftir loftmynd. Flatarmál er 5,79 km² en 7,42 km² þegar tekið er tillit til grjóttjökla. Í gögnum LMÍ (is50v) eru skráðir tveir flákar, samtals 3,61 km².
2. Einn jökulskafl í Graskiljatindi. Enginn fláki skráður í gögnum LÍ (is50v). Vetrarsnjór hylur raunveruleg mörk jökulskaflsins á loftmynd. Ummerki jöklunar, eins og garðar, var því ekki metið.
3. Einn jökulskafl í Gæsadöllum. Leif af Vatnajökli, hefur slitið sig frá jöklinum. Er óvenjulega lágt yfir sjávarmáli. Er ekki skráð í gögnum LÍ (is50v). Ummerki jöklunar, eins og garðar eru skýr.
4. Við Breiðasker, á milli Fláajökuls og Viðborðsjökuls, voru hnitaðir 13 flákar. Af þeim eru níu jökultungur eða jökulskaflar. Flatarmál 6,19 km². Loftmyndir ná ekki yfir norðvesturhluta Breiðaskers. Var ekki hnitað þar. Í gögnum LÍ (is50v) liggur svæðið við Breiðasker í Vatnajökli (fitja: vatnaflákar). Í flákanum nær jökull yfir stórt svæði sem á loftmyndunum er jökulvana. Svæðin voru borin saman til þess að finna rýrnun. Til þess að fá samanburð var skorin út hluti af flákanum (Vatnajökull) og sambærilegt svæði, sem var hnitað eftir myndum Loftmynda ehf. Flatarmál jökulsvæðis úr is50v er 12,57 km². Samanburðarsvæði nú 6,92 km². Mismunur er 5,64 km² eða 44,8 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ. Það er óvenjulega mikil rýrnun. Athuga þarf eftir hvaða myndum Vatnajökulsflákinn í is50v er hnitaður. Mögulega má vera að hnitað sé eftir myndum með vetrarsnjó.
5. Í Heinabergsfjöllum voru 17 flákar hnitaðir sem eru ýmist jökultungur, jökulskaflar eða hjarn. Stærstu jökultungurnar sameinast Fláajökli. Lengd þeirra var rakin niður skriðjökulinn. Sameiginlegt flatarmál jökla í Heinabergsfjöllum er 8,36 km². Hér er Snjófjall í heildartölunni. Í gögnum LMÍ (is50v) liggur víðfemt svæði í Heinabergsfjöllum innan marka Vatnajökuls (fitja: vatnaflákar) og tekur yfir alla hnitaða fláka. Til þess að fá samanburð var skorin út hluti af flákanum, þ.m.t. Vatnajökli: Flatarmál úr is50v er 30,89 km². Flötur samkvæmt mynd Loftmynda ehf 27,35 km². Rýrnun samkvæmt því er 11,46 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.

6. Í Birnudalstindsegg eru 8 jökul- og hjarnskaflar sem snúa vestur til Kálfafellsdals. Ummerki benda til að þeir séu leifar Vatnajökuls en við rýrnun hafa skaflarnir slitnað frá meginjöklinum. Sumir þeirra eru sprungnir. Samanlagt flatarmál er $1,82 \text{ km}^2$. Þeir eru ekki í gögnum LMÍ (is50v).
7. Í Þverártindsegg og Veðurárdalsfjöllum (sjá 7. mynd) eru 25 misstórar jökultungur og hjarnskaflar. Samanlagt flatarmál er $36,7 \text{ km}^2$ ef Veðurárdalsrönd er talin með en annars $35,46 \text{ km}^2$. Í gögnum LMÍ (is50v) er flákin tengdur Vatnajökli. Mælt svæði reyndist 39 km^2 . Þar er Veðurárdalsrönd ekki með. Ef miðað er við flatarmál án hennar ($35,46 \text{ km}^2$) er munurinn er $3,55 \text{ km}^2$ í rýrnun eða 9,11 % flatarmáls á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.



Mynd 7. Þverártindsegg og Veðurárdalsfjöll.

8. 8 flákar hnitaðir í Hrútsfjallstindum í Öræfajökli, þar af eru fimm jökultungur. Fjöllin eru með hæstu jökulsvæðum á landinu. Í gögnum LMÍ (is50v) liggja jöklar í Hrútsfjallstindum í mörkum Vatnajökuls (fitja: vatnaflákar) en flákin er vart marktækur til samanburðar.
9. Í Skaftafellsfjöllum eru 12 jökultungur eða jökulskaflar. Helstu tungurnar ganga í Skeiðarárjökul en jökulskaflar eru í Norðurdal. Lengd tungnanna er rakin niður skriðjökulinn. Samanlagt flatarmál jökla í Skaftafellsfjöllum er $19,873 \text{ km}^2$. Í


gögnum LMÍ (is50v) liggja Skaftafellsfjöll innan marka Vatnajökuls (fitja: vatnaflákar) og tekur yfir alla hnitaða. Til þess að fá samanburð var skorin út hluti af flákanum, þ.e. Skeiðarárjökli: Flatarmál úr is50v er 30,39 km². Flötur samkvæmt mynd Loftmynda er 30,16 km². Flatarmálsrýrnun er samkvæmt því 0,75 % á tímabilinu frá því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.

Austfjarðajöklar

Gagnaöflun um Austfjarðajökla er að mestu lokið. Í 4. töflu (sjá einnig mynd 8) eru helstu svæði Austfjarðafjalla að frátöldum Vopnafjarðarfjöllum (Smjörfjöllum).

Tafla 4.

Heiti	Fjöldi fláka	Fl.mál km ²	Hæð y. s.	m	Gerð jökulfláka	Ár
1 Dyrfjöll	14	1,79	1136		Skálarj./Jökulskafi/hjarn	2003
2 Beinageitarfjall	40	1,08	1107		Skálarj./Jökulskafi/hjarn	2003
3 Jónsfjall	22	0,59	1002		Jökulskafi/ís-/hjarn/freraurðir	2003
4 Þriggjahnúkafjall	3	0,01	879		Snjóskafar	2003
5 Miðdalshnúkur	10	0,14	1052		Jökulskafi /hjarnskaflar	2003
6 Norðdalshnúkur	29	2,11	1076		Ís-/hjarnskaflar	2003
7 Herfell	16	0,06	1064		Ís-/hjarnskaflar/Urðarjökla	2003
8 Dragafjall	12	0,45	1005		Ís-/hjarnskaflar/Urðarjökla	2003
9 Grýta	18	0,17	1154		Ís-/hjarnskaflar	2003
10 Hjálmarðalsheiði	3	0,02	908		Hjarnfannir	2003
11 Gagnheiði	22	0,67	1005		Ís-/hjarnskaflar/snjófannir	2006
12 Múli	25	0,07	1065		Ís-/hjarnskaflar/snjófannir	2006
13 Langafjall	46	0,46			Ís-/hjarnskaflar	2003
14 Goðaborg	22	1,27	1132		Hengijökull/Jökulskafi/Hjarn	1998
15 Fannartindur	12	0,64	1086		Hviltarjökull/Jökulskafi	2006
16 Höttur	3	0,03	1106		Hjarn/fannir/belaurðir	2000
17 Kistufell	44	2,47	1239		Skálarjökull/Jökulskafi	2000
18 Tröllafjall	2	0,05	1153		Hjarnskaflar	2000
19 Gagnheiði	13	1,28	1192		Skálarjökull/Jökulskafi/hjarn	2000
20 Haugafjall	4	0,06	1066		Jökulskafi/hjarn	2000
21 Jökultindur	1	0,23	1142		Jökulskafi/hjarn	2000
22 Hrótafell	3	0,12	1069		Jökulskafi/hjarn	2006
23 Jökulbotnar	19	0,48	1105		Skálarjökull/Jökulskafi/hjarn	2006
24 Hvalfjall	43	1,55	1201		Hviltarjökull/ hjarnskaflar	2002
25 Kista	4	0,21	1116		Jökulskafi/hjarn	2000
26 Axlarfjall	24	0,94	1156		Jökulskafi/hjarn	
27 Þrándarjökull*	19	17,98	1248		Jökulskjöldur/ís-/hjarnskaflar	2005
28 Miðaftanstindur*	13	0,49	1080		Ís-/hjarnskaflar	2005
29 Hofsjökull Eystri	3	5,92	1160		Jökulskjöldur/skaflar	2000
30 Flugustaðatindar	11	2,17	1240		Jökulskafi/Hjarnskaflar	2000
31 Jökulgilstindar*	8	5,01	1337		Jökulskafi	2005
32 Hnappadalstindur	1	0,03	1212		Ís-/hjarnskafl	2000
33 Sauðhamarstindur*	2	0,60	1316		Jökulskafi	2005
Samtölur	511	49,33				



Mynd 8. . Vatnajökull og hnitaðir jöklar í jaðri hans (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

1. Dyrfjöll ($13^{\circ}54'56,303''W$ $65^{\circ}31'27,306''N$) eru vestan Borgarfjarðar Eystri. Í fjöllumunum voru hnitaðir 14 skálarjökla, jökulskaflar og hjarnskaflar.

- Jökulskaflarnir eru leifar skálarjökla. Þeir eru smáir en hafa einkenni jökla, þ. e. ís, sprungur og leysingarvatn á yfirborði. Heildarflatarmál þeirra er 1,79 km². Hluti skálarjökla er þakin urð og endimörk því óljós. Var hnitað með ystu görðum framan við sporða. Þaðan taka við urðarjökla. Í gögnum LMÍ (is50v) eru engir jöklaflákar í Dyrfjölum. Ummerki frerajöklunar eru umhverfis fjöllin.
2. Beinageitarfjall (14°2'10,7"W 65°27'35,8"N) er SV við Borgarfjörð Eystri. Í fjallinu og umhverfis rætur þess voru hnitaðar 40 flákar sem eru jökulskaflar eða hjarn. Þeir eru litlir en nokkrir hafa enn einkenni jökla, þ.e. eru ís með sprungur og leysingarvatn á yfirborði. Heildarflatarmál hnitaðra jökulskafla og hjarnfanna í Beinageitarfjalli er tæpir 1,09 km². Í gögnum LMÍ (is50v) eru engir jöklaflákar í Beinageitarfjalli. Víðfeðm ummerki frerajöklunar finnast í Beinageitarfjalli og þá sérstaklega við rætur fjallsins.
 3. Jónsfjall (13°57'9,362"W 65°25'28,467"N) er sunnan til upp af botni Borgarfjarðar Eystri og situr á fjallshryggnum suðaustan við Beinageitarfjall. Norðan undir því er Hvannstóðsdalur. Mínuskörð skilja að Beinageitarfjall og Jónsfjall. Í Jónsfjalli og Hvannstóðseggi voru hnitaðir 22 flákar sem eru jökulskaflar að einhverju leyti eða hjarnskaflar. Þeir eru þaktir fönnum og er erfitt að áætla flatarmál jökulskaflanna. Heildarflatarmál hnitaðra (jökul)skafla og hjarnfanna í Jónsfjalli er tæpir 0,6 km². Í gögnum LMÍ (is50v) eru engir jöklaflákar í Beinageitarfjalli.
 4. Þriggjahnúkafjall (13°51'5,294"W 65°25'11,261"N) er austan við Jónsfjall, upp af botni Borgarfjarðar Eystri. Það situr á fjallshryggnum suðaustan við Beinageitarfjall.
 5. Karlfell er sunnan Hraunsdalsvarps og Jónsfjalls, til vesturs upp af Loðmundarfirði. Miðdalshnúkur (13°57'10,253"W 65°24'3,7"N) er þar hæstur, 1052 m. Þar voru hnitaðir 10 flákar sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Einn jökull er í Miðdalshnúki, í Miðdal sem gengur fram austur í Loðmundarfjörð. 5 flákar hafa einkenni urðarjökla og er Hraunsdalsvarp mest. Grjótjökla í Miðdalshnúki og Karlfelli eru tengdir fönnunum. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
 6. Norðdalshnúkur (14°2'47,718"W 65°23'33,218"N) og Askja (14°2'7,57"W 65°22'29,978"N) eru austan Ufsis, sunnan Hraundals og sitja á kraganum umlukis Loðmundarfjörð. Þar voru hnitaðir 29 flákar sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Sitja langflestir í vesturhlíðum Norðdalsskarðs, ýmist á syllum eða í misgengjum sem hafa NA-SV læga stefnu. Örfáar fannir eru í Botnsdalsfjalli (1013 m). Enn eimir jökull eftir í Öskju sem er skál norðvestan í herfelli. (1055m). Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v). 6 flákar með auðkenni urðarjökla voru hnituð. Eru þeir tengdir fönnunum í Norðdalshnúki og Öskju.
 7. Herfell (14°1'44,165"W 65°21'58,247" N) rís austan Ufsis, sunnan Norðdals og situr á sama kraga umlukis Loðmundarfjörð og Norðdalshnúkur. Þar voru hnitaðir 16 flákar í Jökulbotnum sem í eru ís, hjarn og snjór. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
 8. Skýhnúkur (14°7'48,785"W 65°20'8,485"N) er efsti tindur Dragafjalls (1002 m og 1005 m) og jafnframt sá vestasti. Dragafjall er sunnan Ufsis. Austur af fjallinu er Bárðarstaðadalur, inndalur í Loðmundarfjörð sunnan Herfells. Hnitaðir voru 12

- flákar í Skýhnúki og Afréttarskarði sem í eru ís, hjarn og snjór. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
9. Austur af Dragafjalli rís fjallshryggurinn á milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Á honum rísa hæstu tindar yfir 1100 m hæð. Grýta er stallur sunnan í hryggnum. Framarlega (austast) gengur inn dalur sem er nefndur Hjálmárdalur og þar vestur af er Hjálmárdalsheiði (sjá lið nr 10). Voru hnitaðir 18 flákar í fjallshryggnum norðanverðum sem í eru ís, hjarn og snjór. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
 10. Hjálmárdalsheiði (13°52'54,214"W 65°19'45,888"N) er framarlega (austarlega) á fjallshryggnum á milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Hnitaðir voru 3 flákar í Sultarhjöllum í norðanverðum Bárðarstaðadal sem í eru ís, hjarn og snjór. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
 11. Gagnheiði (14°12'31,434"W 65°12'22,835"N) á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar. Að norðan er Fjarðaheiði en Eyvindarárdalur og Slenjudalur sunnan Gagnheiðar. 22 flákar voru hnitaðir í vestur-, suður og norðurhlíðum þar sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Enginn jökulfláki var skráður í grunni LMÍ (is50v).
 12. Múli (14°3'34,812"W 65°13'22,821"N) eru norðurhlíðarnar við innanverðan Seyðisfjörð nefndar, austan Gagnheiðar og norðan Þverártinds. Í fjallinu og umhverfis það voru hnitaðar 25 flákar sem eru ís-, hjarnskaflar eða fannir. Víðfeðm ummerki frerajöklunar finnast í á þessu svæði. Hjallar, þelaurðir og urðarbingir eru margskiptar og hafa einkenni kynslóða, a.m.k. stærstu urðirnar.
 13. Langafjall (13°54'8,845"W 65°13'28,261"N) og Skógafjall eru á fjallsegginni austur frá Gullþúfu. Norðan við eggina er Hánefsstaðadalur, sunnan við Sörlastaðaá, en Sörlastaðadalur er norðan árinna. Miðfell tekur við til austurs af Langafjalli, þá Ekrutindur, Þrælatindur og Rimatindur. Austan þess er Kistufell og Tóarfjall (994 m). Dalafjall er > 920 m samkvæmt hæðarlínurgrunni is50v en 834 m eftir korti 113 (Dyrfjöll) útgefnu 1984 af LMÍ. Í áðurtöldum fjöllum og umhverfis þau voru hnitaðar 46 flákar sem eru ís-, hjarnskaflar eða fannir. Víðfeðm ummerki frerajöklunar finnast einnig á þessu svæði.
 14. Goðaborg (13°55'35,611"W 65°9'31,339"N) er hæsti rindinn á milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Goðaborg er 1132 m (kort 114, LMÍ). Norður af henni er Mjóitindur (885 m). Þar voru hnitaðir 22 flákar sem í eru jökulís og hjarn. Hengijökull er í Goðaborg norðanverðri. Auk þess 18 flákar sem hafa einkenni urðarjökla. Í norðanverðum Bagall (13°49'3,002"W 65°8'49,247"N) er urðarjökull sem er a.m.k. myndaður úr átta flákum. Enginn jökulfláki í Goðaborg var skráður í grunni LMÍ (is50v). Heildarflatarmál jökulskafanna mældist rúm 1,27 km².
 15. Fannartindur (14°5'10,163"W 65°8'26,962"N) rís vestur upp af Norðfirði. Hnúta er norðan við Fannartind en þá taka við eggjar og Goðaborg (sjá lið nr 14), norðan fjarðarins. Hraunsdalur er austan undir Fannartindi. Voru 12 flákar hnitaðir sem í eru jökulís og hjarn. Þeir eru í Fannartindi. Í Prestagili á milli Nóntinds og Miðtinds er blanda jökulíss og grjótjökuls. Fláki í grunni LMÍ (is50v), sem fellur í skráða fláka, er 1,59 km². Leifar þessa jökulkolls er nú 0,6417 km². Samkvæmt því hefur jökullinn rýrnað um 0,94 km² eða 59,6 %.


16. Höttur (14°26'45,535"W 65°7'26,436"N) er hæsti tindurinn á svonefndum Aurum, múla sem er vestan við Fagradal, og sem tengist Kistufelli (sjá lið nr 17) í suðri. Þrjár hjarnfannir voru hnitaðar og sjö flákar sem hafa einkenni urðarjökla. Engir skaflar eru í Hetti og sem virðast hafa þraukað lengi. Þessir sitja í gilskorning til norðurs frá tindinum.
17. Kistufell (14°24'56,654"W 65°3'39,895"N) er á milli Skriðdals og Fagradals. Nyrst á fjallinu er Höttur (sjá lið nr 16) en Botnatindur er sunnan við. Sá tindur er innan við (austan) Skúmhött. Hjálpleysa heitir dalurinn sem er á milli Kistufells og Botnatinds (1163 m) og er skarð í dalnum, á milli áðurnefndra tinda í um 770 m hæð, samkvæmt kortagrunni LMÍ (is50v). Rennur Gilsá norður úr dalnum en sunnan skarðsins Hjálpleysuá. Kaldakinn er sunnan árinna og þá norðanvert í Botnatindi. Hæsti hluti Kistufells er 1239 m hár. Fleiri tindar eru á hryggnum. Skráðir voru 44 flákar jökla og fanna í fjalllendum sem nær frá Hetti og til suðurs á Kistufell og Köldukinn. Í is50v er einn fláki skráður en mörkin liggja ekki þar sem flestir skaflar voru hnitaðir heldur liggur í hlíðum Ófærudals. Flatarmál flákans (is50v) er 1,54 km² en ekki er hægt að meta flatarmálsbreytingar vegna skekkjunnar.
18. Tröllafjall (14°26'10,288"W 64°58'56,734"N) er vestan við Reyðarfjörð, á milli Þórdalsheiðar og Áreyjadals, annars vegar (norðan) og Djúpadals og Skógdals hins vegar (að sunnan). Austast í Tröllafjalli er Miðaftanstindur. 2 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís og hjarn. Auk þess 10 flákar sem hafa einkenni urðarjökla eða freralands.
19. Gagnheiði (14°21'44,161"W 64°56'57,326"N) er innanvert (vestarlega) í fjallgarðinum á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Á Miðheiðarhnúki fer fjallseggin í meira en 1100 m hæð. 13 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís og hjarn. Í is50v er einn fláki skráður.
20. Haugafjall (14°30'57,129"W 64°57'18,042"N) er sunnan Hallbjarnarstaðatinds en þessi tvo fjöll rísa austan Suðurdals. 4 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Auk þess einn fláki sem hefur einkenni urðarjökuls. Í is50v er enginn fláki skráður. Grjótjökullinn er tvískiptur og tengdur jökulskaflinum.
21. Jökultindur (14°27'50,75"W 64°54'53,318"N) er innanvert (vestarlega) í fjallgarðinum vestan Breiðdalsvíkur, á milli Norðurdals og Suðurdals, og norðaustan Breiðdalsheiðar. 4 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Auk þess einn fláki sem hafa einkenni urðarjökla. Í is50v er enginn fláki skráður.
22. Hrútafell (14°15'52,045"W 64°58'4,856"N) er austanvert við Gagnheiðarskarð, í fjallgarðinum á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Rís fellið upp af botni Fáskrúðsfjarðar. 3 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís og hjarn. Auk þess 5 flákar sem hafa einkenni urðarjökla. Þeir eru utan í jökulskaflinum. Í is50v er enginn fláki skráður.
23. Jökulbotnajöklar eru í skálum sunnanvert í Reyðarfirði. 19 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís og hjarn. Auk þess 13 flákar sem hafa einkenni urðarjökla. Þeir eru í: Hallberutindi (14°12'48,96"W 64°59'12,89"N), sem er norðaustan Stuðlaheiðardals og Hrútafells (sjá Hrútafell); í Kambfelli norðanverðu. Þar er

- hæsti tindurinn (14°5'24,424"W 64°58'53,551"N) 1105 m. Í is50v er enginn fláki skráður.
24. Hvalfjall (Hvel) (14°9'25,342"W 64°53'51,341"N) er á fjallgarðinum milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Af mynd Loftmynda (frá 2002 ár) voru hnitaðir 43 flákar sem í eru jökulís og hjarn. Stærstu flákarnir eru Mjóskjónujökull og Jökuldalsfönn. Í is50v er enginn fláki skráður.
 25. Kistufell (14°33'20,541"W 64°51'22,414"N) er á milli Breiðdalsheiðar og Öxi. Af mynd Loftmynda (frá 2000 ár) voru hnitaðir 4 flákar sem í eru jökulís og hjarn. Í is50v er enginn fláki skráður.
 26. Axarfjall myndar vestasta hluta fjallgarðsins á milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar. Fjallshryggurinn hefur ASA læga stefnu og á henni eru fjórir hnúkar eða kollar. Vestasti kollurinn er Háalda (895 m), næstur er Nóntindur (1141 m), þá Mótungutindur (1124 m) og austastur er Hrossatindur (1156 m). 24 flákar voru hnitaðir sem í eru jökulís, hjarn og snjór. Auk þess 15 flákar sem hafa einkenni urðarjökla. Þeir tengjast allir jökulsköflunum. Þeir eru norðanvert við eggina utan eins skafls sem er í suðurhlíð Hrossatinds. Í is50v er enginn fláki skráður.
 27. Þrándarjökull (14°54'18,053"W 64°41'48,077"N) er efst (vestast) á fjallendinu á milli Hamarsdals og Geithellnads, vestur af Lambatungum og Miðaftanstindi (1080 m). Jökullinn (sjá 8. mynd) er mestur Austfjarðajökla, samkvæmt svæðaskiptingu (sbr Oddur Sigurðsson, 2009). Af gervihnattarmynd SPOT (frá 17. september 2005) voru hnitaðir 19 flákar umhverfis Þrándarjökul. Heildarflatarmál jökulskjaldarins (ásamt snjó- og jökulsköflum) er 17,980 km². Fláki í grunni LÍ (is50v) fellur yfir hluta hnitaða fláka, þ. á m. Þrándarjökuls, er 23,05 km². Sá fláki er ónákvæmur og því varasamur til samanburðar. Hlutfallsleg rýrnun flatarmáls samkvæmt samanburði er 5,07 km² eða 21,99 % á tímabilinu því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.
 28. Miðaftanstindur (14°40'6,248"W 64°39'21,757"N) er á fjallendinu á milli Hamarsdals og Geithellnads, austan við Lambatungu og Þrándarjökul (1248 m). Af gervihnattarmynd SPOT (17. september 2005) voru hnitaðir 13 flákar í Miðaftanstindi sem í eru ís og hjarn.
 29. Hofsjökull (15°2'54,17"W 64°37'9,755"N) og tveir afmarkaðir hópar hjarnskafla (jökulís?). Í is50v er einn fláki skráður, Hofsjökull, og liggja mörkin yfir hluta sömu skafla. Flatarmál flákans (is50v) er 6,12 km². Sami fláki er hér mældur 5,18 km². Rýrnun nemur 0,93 km² eða 15,2%. Jökulfannir og hjarnskaflar sjást á loftmynd af vesturhluta svæðisins en austurhluti sést óglöggvægt vegna vetrarfanna. Mörk fanna á vesturhluta eru skýr. Í is50v er einn fláki skráður. Flatarmál hans er 1,25 km². Hann er sambærilegur M 1 (0,8287 km²). Munurinn er 0,42 km² í rýrnun eða 33,9 % á tímabilinu því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.
 30. Flugustaðatindar. Jökulfannir og hjarnskaflar eru sjáanlegir á vesturhluta loftmynda en austurhluti er óglöggur vegna vetrarfannanna. Í is50v er einn fláki yfir allan vesturhluta tindanna. Flatarmál flákans er 2,99 km². Heildarflatarmál 10 fláka í Flugustaðatindum er 2,14 km². Munurinn er 0,85 km² eða 28,6 % á tímabilinu því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.



Mynd 9. Prándarjökull, 17. ágúst 2007 (sjá lið 27).

31. Jökulgilstindar. Í is50v er einn fláki markaður yfir vesturhluta tindanna. Flatarmál flákans er 4,18 km². Flákar sem falla innan is50v þekjunnar eru: A 1 og hluti V 1. Samanlagt eru þessi flákar nú 3,66 km². Munar þá 0,52 km² eða 12,4 %. Ekki hægt að meta ummerki jöklunar eða grjótjökla í loftmyndum. Farin rannsóknarferð 10. júlí 2009 og mörk jökla fundin í suðvestanverðum fjöllum (sjá 9. mynd).
32. Hnappadalstindur er SV við Flugustaðatinda, sunnan Svíptungna og austan við Jökulsárgljúfur í Lónsöræfum. Í tindinum var ein hjarnfönn hnituð. Í is50v er enginn fláki markaður.
33. Mörk eru óljós á loftmynd vegna vetrarfanna. Í is50v er einn fláki markaður yfir allan vesturhluta tindanna. Flatarmál flákans er 1,25 km². Flákar á loftmynd eru mældir 0,60 km². Munurinn er 0,64 km² eða 51,5 % á tímabilinu því gagna var aflað sem eru í grunni LMÍ.



Mynd 10. Jökulglístindar og Flugstaðatindar í Lóni. (kort byggt á gögnum Landmælinga Íslands).

8. Niðurstöður

Aflað hefur verið gagna um 53 smájökla á Íslandi. Flestir þeirra eru á Austfjörðum (33 svæði) en einnig voru hnitaðir jöklar sunnan og austanvert við Vatnajökul (9), norðan Mýrdalsjökuls (2) og umhverfis Langjökul (9). Voru 829 jökulflákar hnitaðir sem eru ýmist skilgreindir jökulskildir, jökultungur, jökulsskaflar, ís- eða hjarnskaflar, samkvæmt Østrem, Dale og Tandberg (1988). Skráð voru gögn um stöðuhnit, miðjun fláka, fjölda fláka hvers svæðis, flatarmál, umfang, helstu lengdir og stefnur fláka auk hæðarmarka. Gagnaskráin verður nýtt til frekari samanburðar á eldri loftmyndum. Hnitað var eftir fremur nýlegum loftmyndum. Með vettvangsferðum að Þórisjökli og á Jökulglístinda í Lóni var reynt að leggja mat á áreiðanleika túlkunar á loftmyndum. Ljóst er að áreiðanleikinn margfaldast við slíkar athuganir.

Í ljós kom að hæð og mörk jökla á Austfjörðum lækka smám saman til norðurs. Við sunnanverða Austfirði eru miðjuhæð þeirra í um 980 - 1100 m en nyrst á fjörðunum (Borgarfjörður Eystri) er hæð þeirra í 700 m. Á milli ystu jökla eru 120 km vegalengd og er lækkunin allt að 300 – 400 m. Er meðaltalslækkunin frá 230 – 300 á hverja 100 km sem norðar dregur.

Samkvæmt Oddi Sigurðssyni og Williams (2008) er heildarflatarmál Austfjarðajökla um 33 km². Samkvæmt frumgögnum sem hér eru kynnt eru enn fleiri jökulskafla að finna í fjallshlíðum á Austurlandi en fram hefur komið. Mælist heildarflatarmál þeirra vera um 49 km² eða 32 % meira en fyrr var talið. Eru þá ótaldir svonefndir grjótjökla en í mörgum tilfellum eru þeir tengdir jökulsköflum og eru sterkar vísbendingar um að þeir séu virkir (Ágúst Guðmundsson, 2000).

